

að öllum jafnaði hafi verið rjett og skynsamleg, og eins verða menn að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um það, að bæði þegar lítið er til þýðingar málsins sjálfs, og þegar tillit er haft til ótta þess og kvíða, sem uppkoma og útbreiðsla fjársýkinnar hefur valdið í öðrum sveitum landsins, einkum í norður- og austurumdæminu, þá sje nauðsynlegt tafarlaust að láta nýjar vandlegar og nákvæmar skoðanir fara fram á öllu fje í öllum þeim hreppum, er sýkin hefur sýnt sig, eður grunur hefur verið eður kvittur um, að hún sje eður hafi verið uppi — og þar eptir svo fljótt sem unnt er að auglýsa almenningi í stjórnartíðindunum, blöðunum eður ef til vill á annan hentugan hátt nákvæma og sannaða skýrslu um ástandið samkvæmt þessum skoðunum, og um ráðstafanir þær, sem hafa verið gjörðar eður skipaðar. Hinar nefndu skoðanir ber dýralækninum að svo miklu leyti sem gjörandi er, að framkæma með eigin augum; en eins og þær til þess að flýta fyrir þeim á fjærleggjandi stöðum, einkum ef dýralæknirinn áður hefur komið þar, eða ef yfirgripsmikill niðurskurður hefur átt sjer stað, mega felast öðrum á hendur samkvæmt tilskipun frá 4. marts 1871 § 1, eins gæti það, ef til vill, farið vel, að gjöra skoðanir þær, sem dýralæknirinn framkvæmir með eigin augum, enn betur kunnar almenningi með því að láta menn þá, sem til eru teknir í nefndri lagagrein, eður, ef tilefni skyldi vera til þess, kosna menn frá nágrannahjerudum, vera viðstadda slíkar skoðanir. Ráðgjafinn er yður einnig samdóma um, að það verði að vera komið undir því, hvernig ástandið, þegar þessar skoðanir eiga sjer stað, reynist að vera, hvort stjórnin geti látið sjer nægja lækningar, — og skal í þessu tilliti athugað, að sjá verður um, að nægileg lækningalyf flytjist til hinna einstöku sveita, hafi þetta ekki þegar verið gert — eða hvort það verði álitid rjettast að beita ráðstöfunum, er ganga lengra, að setja fjárverði eða skera niður, samkvæmt tilskipuninni frá 1871. Við þetta skal þó ekki undanfella að athuga, að á þeim stöðum, er sjúkdómurinn þrátt fyrir ráðstafanir þær, er hingað til hafa verið gjörðar, hefur haldið sjer eður jafnvel út breiðst hina síðastliðnu 4—5 mánuði, getur verið ástæða til að hafa það í skilyrði fyrir að hafna þessum alvarlegri ráðum, að full trygging fáiist fyrir að fjárhópum þeim, sem kláði hefur komið fram í, og þessvegna verður að álita grunaða, verði sjer í lagi á sumrinu, sem nú fer í hönd, haldið sjer, aðskildum frá öllu öðru fje. Því skal þar að auki við bætt, að svo framarlega sem samkvæmt þessu verður spurning um að skera niður nú þegar eður, eins og betur mundi fara, síðar á sumrinu, verður að hugleiða, hvort eigi mundi rjett á alþingi í sumar, að reyna til að fá tilskipuninni frá 1871 breytt í þá átt, að þar sem einstakir fjáreigendur, einstakir hreppar, sýslur eða ömt mundu verða fyrir miklu tjóni, veitist hinum fyrrnefndu nægilegar skaðabætur og hinum síðarnefndu aðstoð frá þeim hjerudum, sem það skiptir nokkru, að slíkum ráðum er beitt».

Um leið og jeg kynni yður þetta herra amtmaður, til leiðbeiningar og ráðstafanar, skal jeg í framhaldi af brjefi mínu frá 22. marz þ. á. (stjórnartíð. B. 21), mælast til þess, að þjer sem vandlegast sjáið um, að hinar fyrirskipuðu skoðanir fari fram, á sem tryggilegastan hátt, og að alstaðar, þar sem kláði finnst í fjenu, eður það, af því að kláði hefur fundist í því áður, er álitid grunað, verði hafðar sterkar gætur á því, að engri kind verði slept á fjall, en öllu fje haldið heima, þangað til það verður skorid niður eður allæknað. Jeg vona sem fyrst að fá frá yður skýrslur um það, sem komið hefur fram við skoðanirnar, og tillögur yðar um ráðstafanir þær, sem þar eptir á að gjöra.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Um leið og þjer herra amtmaður í þóknanlegu brjefi frá í gær gáfuð skýrslu um heilbrigðisástand sauðfjárins í suðurumdæminu samkvæmt skoðunum þeim, sem farið

1875

36
7da
maí.

hafa fram í ofanverðum fyrra mánuði¹, hafið þjer spurt, hvort fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland í brjefi hans frá 24. f. m. megi ekki álitast að vera fullnægt með þeim fjárskoðunum, sem nú hafa fram farið, að því leyti slíkar skoðanir þar eru fyrirskipaðar, þar eð sú spurning, hvar kláðinn sje, nú ekki virðist vera vafasöm, heldur hitt, hverjar frekari ráðstafanir beri að gjöra til að útrýma honum og varna meiri útbreiðslu hans.

Jeg skal því með þessu brjefi þjónustusamlega skora á yður herra amtmaður, að láta í öllum þeim sveitum, þar sem fjeð samkvæmt hinum síðustu skoðunum enn verður álitid grunað, fjórtánda hvern dag fara fram nákvæma skoðun á öllum fjárhópum þeim, sem grunaðir eru, og sjá um, að ekki verði leyft eigöndum slíkra kinda að láta þær koma saman við annað fje eður að hleypa þeim á afrjett, fyrr en að svo langur tími er liðinn, frá því er þær eru baðaðar og kláðavottur síðast hefur fundist í þeim, að álita megi þær allæknaðar. Í þeim sveitum, er spurning getur verið um, að fje hafi strokið á afrjett, verður að smala viðkomandi afrjett, fyrr en baðað er, og býst jeg við, að skoðanirnar

1) Í skýrslu amtmannsins segir meðal annars svo:

„Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í háttvirtu brjefi herra landshöfðingjans, dagsettu 22. marts þ. á., lagði jeg fyrir hlutaðeigandi sýslumenn, að láta innan útgöngu f m, almennar skoðanir fram fara á öllu fjenu í hreppum þeim, þar sem borið hefur á kláðanum í vetur, og skoraði á þá að sjá um, að skýrslur um skoðanir þessar yrðu sendar amtinu svo tímanlega, að nákvæm og áreiðanleg skýrsla um heilbrigðisástand fjárins í hinum umræddu hreppum gæti verið komin til yðar hávelborni herra, innan 6. þ. mán. En þaræð jeg ekki hef meðtekið hinar síðustu af skýrslum þessum fyrri en í gær, hefur mjer ekki verið mögulegt að afgreiða málefni þetta fyrri en nú.

Eptir skýrslum þessum er ástandið svo sem nú skal greina:

A. Í Árnessýslu má heita kláðalaust, að því er raun varð á við hinar síðustu skoðanir, en þó er grunur um, að kláðavottur kunni að vera í nokkrum kindum í Grimsnesi, Þingvallasveit og Ölfusi, og yðr höfuð mega þessar sveitir eður nokkur partur þeirra, kallast enn grunaðar.

B. Í Gullbringu- og Kjósar-sýslu finnast enginn kláði í Kjósar-, Seltjarnarnes-, Álptaness- og Hafna-hreppum, en þar á móti talsverður kláði í Vatnsleysustrandarhreppi, Grindavíkurhreppi og Rosmhvalaneshreppi, og einnig hafði fundist kláði á 3 bæjum í Kjalarneshreppi.

C. Í Borgarfjarðarsýslu hefur dýralæknirinn verið með við fjárskoðanirnar, og er þar nú allt fje álitid kláðalaust, en grunur má þar þó enn álitast á nokkrum stöðum. Í þessari sýslu hefur verið skorid niður það fje, sem veikt hefur orðið, eptir sjálfviljugu samkomulagi manna, nema á einum bæ, þar hafa verið skornar 116 kindur fullorðnar, eptir skipun amtsins, samkvæmt tillögum dýralæknisins og sýslumannsins.

Skýrsla dýralæknisins til amtmannsins er dagsett 29. apríl, og svo látandi:

„Með brjefi dagsettu 7. þ. m. skoradi hið háa amt á mig, að ferðast upp í Borgarfjarðarsýslu til að rannsaka heilbrigðisástand sauðfjárins með tilliti til fjárkláða þess, er gjört hefur vart við sig á ýmsum bæjum þar í sýslunni í vetur, og til að skýra sýslumanni og öðrum hlutaðeigöndum frá, hverjar ráðstafanir jeg álitid nauðsynlegt að gjöra, til að útrýma kláðanum, og leiðbeina við baðanir þær, er framkvæmdar yrðu, áður jeg byrfi aptur úr Borgarfjarðarsýslu.

Ferð þessa byrjaði jeg samdægurs, sem brjef amtsins var skrifað, og kom jeg úr henni 27. þ. m. — Eins og fyrir mig var lagt, fór jeg undir eins upp að Indriðastöðum í Skorradal, en áleit nauðsynlegt, þegar jeg hafði spurzt fyrir um heilbrigðisástand fjárins í sýslunni, að fara þegar á fund sýslumanns, og bera mig saman við hann um tilhögun fjárskoðunarinnar, og koma því til leiðar, að þegar yrði sent eptir baðmeðulom, til þess að hið grunaða fje sýslunnar yrði baðað hið fyrsta unnt væri. — Um þær mundir sem jeg dvaldi í Borgarfjarðarsýslu, framföru að fyrirlagi sýslumanns almennar fjárskoðanir af hinum tilkvöddu skoðunarmönnum í öllum hreppum sýslunnar, og hagam jeg ferðum mínum svo, að jeg var viðstaddur skoðunina á þeim bæjum, er heilt þóttu grunsamir, en lagði jafnframt svo fyrir, að á öðrum bæjum skyldu þær kindur teknar frá, ef nokkrar væru, sem skoðunarmönnum þættu tortryggilegar, og mjer svo gjört aðvart, til þess jeg gæti skodað þær, og skorid úr, hvort kláði væri í þeim eður eigi. Jeg hef þannig verið við skoðun á öllu því fje, er eptir lifir í Flókadal, og eigi fundid þar kláða. Á Stóra-Kroppi í Reykholtssdal hefur hrútur einn lengi verið haður sjer inni í vetur, sökum kláðagrunsemdar; hrút þenna skoðadi jeg, og var blettur einn í honum, er

verði vandaðar, sem mest má vera, og að sjerstaklega sju hafðar í hvert sinn, er skoðanir fara fram, sterkar gætur á því, að allt það fje, sem taldist við hina síðustu skoðun á bönnum sje við, og er það sjálfsagt, að telja skuli kindurnar við hverja skoðun.

Hvað Gullbringusýslu snertir, skal jeg þjónustusamlega biðja yður, herra amtmaður, að láta dýralæknirinn sem allrafyrst með eigin augum að tilkvöddum mönnum, eins og fyrir er mælt í brjefi ráðgjafans frá 24. f. m., skoða allt fje í Krísvík, Grindavík, Höfnunum og Rosmhvalanes- og Vatnsleysustrandarhreppum, og ráðstafa því, sem nauðsynlegt þykir til að lækna þetta fje. Eptir því sem kemur fram við þessa skoðun, verður þar eptir af að ráða, hvort setja eigi verði til að varna fjársamgöngum frá þessu svæði; eður skera skuli niður fje það, sem kláði hefur komið fram í, og því er álitid grunað, og eigi verður á fullkomlega tryggjandi hátt haldið sjer.

Þjer skýrið í brjefi yðar frá, að þjer hafid að áskildri nánari ákvörðun hlutaðeigandi amtsráðs heitið tillagi úr jafnaðarsjóði suðuramtsins til varðar, er kosnir menn úr Rangárvallasýslu og austurhluta Árnessýslu höfðu á fundi stungið upp á, að yrði settur á austurlínu kláðasvæðisins meðfram Brúará, Hvítá og Ölfusá. Hvort setja skuli aðra verði, skal á kveða samkvæmt 5. grein í tilskipun um fjárkláða frá 4. marts 1871.

Að öðru leyti skal vísað til brjefs míns frá 5. þ. m., og vona jeg á sínum tíma að fá skýrslu um málið með ummælum yðar.

Embættismenn skipaðir og settir:

Hinn 24. dag aprilmánaðar, hefur hans hátign konunginum þóknast samkvæmt 14. grein stjórnarskrárinnar, allramildilegast að kveða þessa embættismenn til alþingissetu:

forstjóra landsyfirdóms Íslands, Þórð Jónasson, komm. af dbrg. og dnbrgsm.

biskup yfir Íslandi, dr. theol. Pjetur Pjetursson, komm. af dbrg. og dnbrgsm.

amtmannt yfir suður- og vestur-umdæminu, Berg Thorberg, ridd. af dbrg. og dnbrgsm.

Jeg áleit fjárkláða, jafnvel þótt jeg eigi gæti fundið maur í honum. Hrútur þessi er hafður stöðugt inni sjer og mun verða skorinu. Í hinu fjenu á Stóra-Kroppi fannst enginn kláði. Í Lundareykjadal og Andakýlshreppi skoðaði jeg á ýmsum bæjum kindur, er teknar höfðu verið frá sökum kláðagrusemdar, en á þeim fann jeg eigi annað en óþrifakláða (fellilúsa- og færilúsa-kláða). Í Skorradalnum skoðaði jeg fje það, er eptir lifir á Indriðastöðum og Grund og bæjunum þar í greiðinni, en engan kláða fann jeg í því; það fje baðaði jeg, áður jeg fór heimleiðis. Á Sarpi í Skorradal skoðaði jeg og nokkrar kindur, er hafðar hafa verið inni í vetur og baðaðar hafa verið fyrir kláða, en nú var engan kláða í þeim að finna. — Í hreppnum fyrir sunnan Skarðsheiði fannst heldur enginn fjárkláði við þessar skoðanir. Á Efra-Skarði í Strandahreppi hafa 13 gemlingar verið hafðir inni sjer lengi vetrarins sökum kláðagrusemdar, en þaræð tóbakssósa hafði verið borin í þá, nokkru áður en jeg skoðaði þá, verður eigi með vissu sagt, hvort kláðavottur kunni að hafa verið í þeim eður eigi, en enginn kláði fannst í þeim við skoðanina, þar á móti sá jeg ljósan vott þess, að megn óþrifakláði hafði í þeim verið en eigi fjárkláði, þó lagði jeg svo fyrir, að þeim skyldi eigi verða sleppt, fyr en þeir væru tvíbaðaðir. Á fjenu í Stórabotni í Strandahreppi hefur legið grunsemd í vetur, þar æð kláðasjúkum kindum á að hafa verið fargað þar fyrra part vetrarins, en aldrei hefur þar fundist kláði við skoðanirnar. Jeg lagði því svo fyrir, að þar skyldi baðað nú þegar. — Þannig má heita að hvergi hafi fundist fjárkláði við þessar skoðanir í Borgarfjarðarsýslu, nema í hinu fullorðna fje í Efstabæ í Skorradal, er var meir eða minna útsteypt í kláða, eins og jeg skýrði hinu háa amti frá, í brjefi því, er jeg ritaði því 14. þ. m. frá Vatnshorni, og það voru meðfram þessar kringumstöður er knúðu mig til að ráða til þess, að það fje væri skorid, þar æð full ástæða er til að ímynda sjer, að fari böðun sú, sem nú er fyrirskipuð á hinu grunaða fje í sýslunni rækilega fram, — að þá verði kláðavotti þeim, er kann að dyljast einhverstaðar í sýslunni, alveg útrýmt, og Borgarfjarðarsýsla þannig hreinsuð fyrir kláða, áður fje er sleppt á fjall í sumar.

Um leið og jeg hef skýrt sýslumanninum í Borgarfjarðar- og Mýra-sýslu frá fjárskoðunum þessum, hef jeg lagt það til, að allt hið kláðagrunda fje í sýslunni sje baðað nú þegar, og allt annað fje í Borgarfjarðarsýslu, þegar það er gengið úr ullu í vor. Kláðagrunað tel jeg það fje, er samgöngur hefur haft við kláðasjúkt eða kláðagrunað fje í vetur, og hef jeg tekið til þá bæji, er mjer þykja helzt grunsamir; mun sýslumaður nú hafa tilkvatt böðunarmenn í hverri sveit og gjört aðrar ráðstafanir til þess, að böðuninni verði framgengt.